

AFREKSSTEFNA

Badmintonsambands Íslands

2024 - 2028



BADMINTONSAMBAND
ÍSLANDS
STOFNAD 1967

AFREKSSTEFNA BADMINTONSAMBANDS ÍSLANDS	2
MARKMIÐ AFREKSSTEFNU BSÍ.....	2
AFREKSSVIÐ	2
SKILGREININGAR	2
HÓPAR	3
VALVIÐMIÐ	3
FRAMTÍÐARSÝN AFREKSMÁLA	4
MARKMIÐ	5
FRAMKVÆMDAAÐILAR OG HLUTVERK ÞEIRRA	8
<i>Stjórn BSÍ</i>	<i>8</i>
<i>Afreks- og landsliðsnefnd</i>	<i>8</i>
<i>Mótanefnd</i>	<i>8</i>
<i>Fræðslu- og útbreiðslunefnd</i>	<i>8</i>
<i>Framkvæmdastjóri BSÍ</i>	<i>8</i>
<i>Landsliðsþjálfari</i>	<i>8</i>
<i>Íþróttastjóri</i>	<i>8</i>
<i>Þjálfarar.....</i>	<i>9</i>
<i>Aðildafélög</i>	<i>9</i>
<i>Leikmenn</i>	<i>9</i>
<i>Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí).....</i>	<i>9</i>
<i>Atvinnulífið</i>	<i>9</i>
REGLULEGT ENDURMAT MARKMIÐA.....	9
FYLGISKIÖL	10
HEIÐURSMANNASAMKOMULAG BADMINTONSAMBANDS ÍSLANDS (BSÍ) VIÐ LEIKMENN Í AFREKSHÓPI	11

Afreksstefna Badminton sambands Íslands

Gildandi afreksstefna var samþykkt 19. maí 2022. Íþróttastjóri í samvinnu við landsliðsþjálfara og afreksnefnd vann að uppfærslu stefnunnar frá febrúar byrjun til miðjan apríl 2024. Drögin voru send á aðildafélög til yfirlestrar og athugasemda og boðað var til opins vinnufundar um stefnuna í fundarsal ÍSÍ 23. apríl. Forsvarsmenn og þjálfarar þriggja aðildafélaga (BH, TBR og TBS) voru á fundinum og gáfu álit og komu með athugasemdir. Stjórn samþykkti afreksstefnuna 10. maí 2024 og í kjölfarið var hún var lögð fram til samþykktar á þingi BSÍ þann 10. Júní 2024. Stjórn BSÍ ber ábyrgð á framkvæmd stefnunnar í samstarfi við Afreks- og landsliðsnefnd BSÍ og landsliðsþjálfara. Mikilvægt er að góð samvinna sé við félögin um framfylgd stefnunnar því hjá félögunum fer stærstur hluti þjálfunar leikmanna fram. Ljóst er einnig að félögin hafa hlutverk varðandi fjárhagslega aðstoð við leikmenn. Félögin sjá um mótahald að miklu leyti og útbreiðsla íþróttarinnar á hverjum stað er að stórum hluta í höndum félaganna.

Markmið Afreksstefnu BSÍ

Með mótun afreksstefnu setur Badminton samband Íslands (BSÍ) skýr markmið í afreksmálum. Markmið stefnunnar er í samræmi við lög BSÍ um að efla badminton á Íslandi og stuðla að aukinni útbreiðslu. Ennfremur að skapa umhverfi sem eflir frammistöðu íslenskra leikmanna á alþjóðavettvangi. Fjárfesta í framþróun leikmanna og þjálfara og styðja við bakið á hæfileikafólki með faglegum og fjárhagslegum stuðningi.

Afrekssvið

Afrekssviðið skipa framkvæmdarstjóri, íþróttastjóri, mótastjóri, landsliðsþjálfari og aðstoðarlandsliðsþjálfari. Þessir aðilar eru starfsfólk BSÍ. Hlutverk afrekssviðs er að framfylgja gildandi afreksstefnu. Í því felst meðal annars val á leikmönnum í landslið, þjálfun þeirra og stuðningur við þátttöku í erlendum mótum.

Skilgreiningar

Við skilgreiningu afreks hefur BSÍ til hliðsjónar skilgreiningu ÍSÍ:

Um framúrskarandi leikmann í badminton er þá fyrst að ræða þegar einstaklingur skipar sér með árangri sínum í fremstu röð í heiminum.

Afreksmaður er hver sá badmintonmaður sem æfir markvisst, hefur skýr markmið og telst hafa möguleika, hæfileika og líkamlegt atgervi, til að ná langt í badminton.

Afreksefni teljast þeir badmintonmenn sem ekki hafa náð jafn langt en taldir eru með markvissri og mikilli þjálfun geta skipað sér á bekk með þeim bestu.

Hópar

Eftirfarandi hópar eru skilgreindir á vegum BSÍ:

Í *Afrekshóp* er valinn takmarkaður fjöldi leikmanna sem er blanda af eldri leikmönnum og yngri. Þessir leikmenn eru þeir bestu á landinu eða hafa möguleika á að verða það og stefna þeir sterkustu á Ólympíuleikana 2028.

Í *Úrvalshóp* er valinn fámennur hópur leikmanna sem hafa burði til að ná Ólympíulágmarki á næstu átta til tólf árum. Í þennan hóp eru valdir leikmenn sem hafa þann metnað og hæfileika sem landsliðsþjálfari telur að þurfi til að vera samkeppnishæf í evrópu.

Æfingahópur U15 og U17 er hópur sem landsliðsþjálfari velur. Þættir sem leikmenn þurfa að búa yfir má sjá í valviðmiðum hér fyrir neðan.

Hæfileikamótun U11 og U13 er breiður og stór hópur sem landsliðsþjálfari velur í samstarfi við þjálfara aðildafélaga. Tilgangur þessa hóps er að kynna leikmönnum fyrir afreksstarfinu og kveikja enn meiri áhuga á badminton sem keppnisíþrótt.

Landslið Íslands sem taka þátt í alþjóðlegum mótum eru:

- A-landslið fullorðinna
- U19 landslið unglínga
- U17 landslið unglínga
- U15 landslið unglínga

Valviðmið

Landsliðsþjálfari velur leikmenn í landsliðshóp með því að nota eftirfarandi viðmið (í stafrófsröð)

- Árangur í mælingum BSÍ
- Ástundun og metnaður í æfingabúðum BSÍ
- Eftirsóknarverð persónueinkenni, svo sem vilji og skyldurækni, þrautseigja, sjálfstjórn, líkamleg hreysti, gott viðmót og stuðningur við liðsfélaga.

- Endurgjöf frá þjálfurum aðildafélaga
- Frammistöðu í mótum innanlands og erlendis
- Hæfni og framfarir
- Mat landsliðsþjálfara á mögulegri þróun leikmanns
- Persónulegur metnaður og ástundun
- Staða á heimslista Badminton World Federation (BWF)
- Staða á styrkleikalista Badmintonsambands Íslands (BSÍ)
- Þróun á leikaðferð með samvinnu leikmanns og þjálfara

Þessi listi er leiðbeinandi og ekki tæmandi

Staðan í dag

Í badminton eru þróunar- og árangursmöguleikar miklir. Samtímis er þó fjöldi afreksleikmanna ekki mjög mikill, sem hefur í för með sér að skortur er á fjölbreytilegum andstæðingum fyrir þá bestu í landinu. Það er því nauðsynlegt fyrir íslenskt afreksfólk í badminton að fá hingað til lands erlenda leikmenn til að spila við eða fara erlendis til æfinga og keppni. Til að hægt sé að bera sig saman við leikmenn frá öðrum löndum og vera inn á heimslistanum í badminton þurfa leikmenn að taka reglulega þátt í mótum sem gefa stig á listann. Aðeins eitt slíkt mót er haldið hér á landi á hverju ári og þurfa leikmenn því að sækja a.m.k. 10 mót erlendis til að fá rétta mynd af stöðu þeirra gagnvart heimslista.

Aðstaða

Sérhæfð aðstaða fyrir badminton er hjá Tennis- og Badmintonfélagi Reykjavíkur. Þar eru 17 vellir sem gefur góða möguleika með tilliti til fjölmennrar æfinga og keppni. BSÍ er ekki með ákveðna æfingaaðstöðu fyrir þjálfun landsliða en hefur fengið gott aðgengi að æfingaaðstöðu hjá Tennis- og badmintonfélagi Reykjavíkur (TBR) og Badmintonfélagi Hafnafjarðar (BH). BSÍ hefur nýtt sér fundaraðstöðu ÍSÍ fyrir fundi og námskeið og mun halda því áfram.

Framtíðarsýn afreksmála

Afreksstefna BSÍ er unnin á grunni samskonar vinnu frá ágúst 2020. Að þessu sinni vann íþróttastjóri í samvinnu við landsliðsþjálfara, framkvæmdarstjóra og Afreks- og landsliðsnefnd

að uppfærslu stefnunnar. Sambandið vinnur að því að byggja enn frekar upp faglega þekkingu leikmanna og þjálfara. Mikilvægt er að efnilegir leikmenn keppi reglulega á erlendum mótum til að efla sig enn frekar og taka framförum og þá þarf samstillt áttak sambandsins og félaganna til að styðja við bakið á þeim. Stefnt er að því að íslenskt badmintonlandslíð sé á meðal 25 bestu þjóða í Evrópu og að við eigum ávallt a.m.k. tvo karlkyns og tvo kvenkyns leikmenn sem keppa reglulega á mótum erlendis.

Stoðþjónusta við landsliðin er mikilvæg. Skilgreint teymi af fagaðilum á sviði sálfræði, sjúkraþjálfunar, næringarfræði og þrekþjálfunar eiga að vera til staðar fyrir leikmenn sem þeir geta leitað til ef á þarf að halda.

Markmið

Markmiðum BSÍ er skipt í þrjú flokka, *almenn, þróun og árangur*.

a) Almenn

Almenn markmið BSÍ skipta máli sem grunnur fyrir stefnu sambandsins gagnvart afreksstarfi innan badmintonhreyfingarinnar á Íslandi.

- Að skapa menningu innan badmintoníþróttarinnar á Íslandi sem einkennist af samvinnu, metnaði, gleði og góðri upplifun.
- Að skapa badmintonsamfélag sem heldur leikmönnum í íþróttinni.
- Að skapa badmintonsamfélag með stöðuga nýliðun sem tryggir fjölgun iðkenda innan Badmintonsambandsins.
- Að standa fyrir útbreiðslu íþróttarinnar þannig að badminton sé iðkað í öllum landshlutum og fjölga félögum sem bjóða upp á badminton, bæði á höfuðborgarsvæðinu sem og úti á landi.
- Að stuðla að aukinn fjöldi mannvirkja sé notaður í að stunda badminton.
- Að stækka þann hóp sem keppir reglulega á mótum.
- Að auka fjölbreytni í mótahaldi m.a. með því að koma á öflugri liðakeppni hjá unglingum og keppnisfólki sem er í gangi stóran hluta

keppnistímabilsins.

- Allt ofangreint á að skapa möguleika á því að getustig badmintons á Íslandi hækki þannig að fleiri leikmenn geti skilgreinst sem afreksmenn.

b) Þróun

Neðangreind markmið taka mið af framtíðarsýn BSÍ og byggja á þeirri hefð fyrir árangri sem til staðar er og því getustigi sem íslenskir badmintonleikmenn eru á.

- Að þróa þjálfun þannig að leikmenn tileinki sér tæknilega, leikfræðilega og líkamlega eiginleika sem eru skilgreindir fyrir hvern tiltekinn aldur. Þjálfarar sjái til þess að leikmenn hafi náð tókum á þessum þáttum.
- Að BSÍ ráði þjálfara til að vinna að hæfileikamótun barna og unglunga í samvinnu við landsliðsþjálfara.
- Notast verði við BWF/BEC Level 1, 2 og 3 við menntun þjálfara. Stefnt er að því að þjálfunarstig 1 verði kennt á Íslandi annaðhvert ár. Sækja þarf þjálfunarstig 2 og 3 erlendis.
- Á árunum 2025-2026 verði komin sú krafa að aðildarfélög sem séu með leikmenn í landsliðshópum BSÍ verði að minnsta kosti með 2 þjálfara innan sinna raða með BWF / BEC Level 1 og að aðildarfélög sem eigi leikmenn í Afrekshóp verði með að minnsta kosti 1 þjálfara með BWF / BEC Level 2.
- Fimm þjálfarar ljúki BWF / BEC þjálfunarstigi 1 annaðhvert ár og einn til tveir ljúki stigi 2 annaðhvert ár. Þjálfarar sem þjálfa leikmenn í Afreks- eða Úrvalshópi þurfa að hafa að lágmarki BWF1 réttindi.
- Annaðhvert ár verði haldið endurmenntunarnámskeið fyrir vana þjálfara
- Um miðjan ágúst árlega verði haldið námskeið fyrir íþróttakennara í grunn- og framhaldsskólum og aðstoðarþjálfara aðildafélaga.
- Að efla metnað í afreksþjálfun í badminton. Þetta er gert með auknu samstarfi BSÍ og aðildarfélaga með námskeiðshaldi hérlendis og að senda aðila erlendis

á námskeið.

- Að efla gæði Afreks- og Úrvalshópsins og auka samkeppnishæfi leikmanna á alþjóðlegum vettvangi.
- Að bestu leikmennirnir keppi reglulega í alþjóðlegum mótum með samstilltu átaki BSÍ og félaga viðkomandi leikmanna.
- Halda stóra útbreiðsluæfingu einu sinni á önn fyrir aldurinn U11-U13
- Að gert verði samkomulag milli BSÍ, leikmanna og félaga þeirra um skyldur aðila og sameiginleg markmið.
- Að BSÍ taki þátt í kostnaði við ferðir landsliða eftir fremsta megni.

c) Árangur

Neðangreind markmið eru hugsuð sem eðlileg afleiðing af vinnu með markmið um þróun sem lýst er að ofan.

Miðað er við að árið 2028 hafi eftirfarandi markmið náðst:

- Að vinna til verðlauna á Badmintonleikum smáþjóða (e. *Small States of Europe Badminton Team Championships*)

Að ná þriðja sæti eða ofar í riðli í undankeppni EM blandaðra liða.

- Að ná þriðja sæti eða ofar í riðli í undankeppni Thomas og/eða Über Cup.
- Að koma leikmanni/pari á Ólympíuleika 2028.
- Að koma leikmanni/pari á heimsmeistaramót.
- Að koma fjórum leikmönnum eða tveimur pörum á Evrópumeistaramót .
- Að a.m.k. fjórir leikmenn/ tvö pör taki á einu tímabili þátt í a.m.k. sex mótum sem gefa stig á heimslista í einhverjum af greinunum fimm.
- Að eiga leikmann/par í efstu 120 sætunum á heimslistanum sem gefur sæti á Ólympíuleikunum 2028.

Framkvæmdaaðilar og hlutverk þeirra

Stjórn BSÍ ber ábyrgð á meginákvörðunum varðandi afreksstefnuna og að henni sé framfylgt.

Afreks- og landsliðsnefnd starfar í umboði stjórnar og landsliðsþjálfari vinnur náið með nefndinni. Afreks- og landsliðsnefnd er bakland fyrir landsliðin varðandi umgjörð og verkefni. Nefndin sér um að gera heiðursmannasamkomulag við aðila sem valdir hafa verið í landsliðshópa. Nefndin sér um að útbúa afreksstefnu fyrir Badmintonsambandið í samvinnu við stjórn sambandsins, fylgja henni eftir og endurskoða eftir þörfum. Afreksnefndin gegnir því hlutverki að hafa umsjón með og yfirfara starfsemi íþróttastjóra og landsliðsþjálfara og veita leiðsögn um stefnu.

Mótanefnd annast yfirstjórn mótamála.

Fræðslu- og útbreiðslunefnd vinnur að fræðslu- og útbreiðslumálum.

Framkvæmdastjóri BSÍ er nauðsynlegur tengiliður milli stjórnar og allra annarra aðila sem að stefnunni koma. Framkvæmdastjóri fylgist með að verkefni séu á áætlun og sér um ýmiskonar vinnu í kringum landslið og afreksfólk. Framkvæmdastjóri er starfsmaður allra nefnda sambandsins.

Landsliðsþjálfari er mikilvægur hlekkur í þróun badmintons á Íslandi og í framkvæmd stefnunnar þar sem hann stendur að hluta til fyrir daglegri vinnu við þjálfun leikmanna og að hluta til sem leiðbeinandi fyrir stjórn sambandsins og aðra starfsmenn þess. Þær ákvarðanir sem landsliðsþjálfari tekur skal rúmast innan afreksstefnunnar og fjárhagsáætlunar. Landsliðsþjálfari skipuleggur verkefni/ mót erlendis fyrir landslið og einstaklinga í A-landsliðshóp og unglíngalandsliðshópum skipuleggur æfingabúðir að hluta til eða öllu leyti velur og tilkynnir val í hópa og landslið. Landsliðsþjálfari velur í hópa eftir valviðmiðum og endurmetur leikmannahópinn reglulega. Landsliðsþjálfari stendur fyrir æfingabúðum fimm til sex sinnum á ári.

Íþróttastjóri hefur umsjón með afreks- og landsliðshópum og mótun afreksstefnu í samstarfi við framkvæmdarstjóra, landsliðsþjálfara og afreksnefnd. Íþróttastjóri á í samstarfi og samskiptum við landsliðsþjálfara, aðildafélög, leikmenn/foreldra, heilbrigðisteymi og ÍSÍ. Íþróttastjóri sér um skipulag og utanumhald um æfingabúðir, mælingar á leikmönnum, skráningar í mót, bókanir í ferðir og umsóknir í Afrekssjóð BSÍ.

Þjálfarar í félögunum eru afar mikilvægur hluti afreksstefnunnar, þar sem framtíðarsýnin er eingöngu framkvæmanleg ef gott samstarf er á milli landsliðsþjálfara og þjálfara félaganna þannig að allir séu að vinna í átt að sama marki. Mikilvægt er að þjálfarar félaganna sinni reglulega endurmenntun, sem viðmið að sækja sér námskeið annað hvert ár.

Aðildafélög

Badmintonfélög landsins er mikilvægur hlekkur í þróun badmintons á Íslandi og mynda saman eina heild. Mikilvægt er að stuðla að og tryggja samræmi og samfellu í þjálfun og iðkun leikmanna frá U9 og upp í Afrekshópa. Markmiðið er að allir þjálfarar fylgi ákveðnum skipulagsramma þar sem mikil áhersla er lögð á tækniþjálfun og þjálfun leikskilnings. Það er einnig mikilvægt að félögin séu áhugasöm um að ráða þjálfara sem hafa góða menntun og eru tilbúnir að starfa eftir stefnu sambandsins. Félögin skulu hvetja þjálfara sína til að sækja sér endurmenntun í faginu til að stuðla að faglegri þekkingu leikmanna og þjálfara.

Leikmenn sjálfir eru miðpunktur afreksstefnunnar. Mikilvægt er þeir séu meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur. Að þeir séu tilbúnir að takast á við þau verkefni sem á dagskrá eru og séu góðar fyrirmyndir innan vallarins sem utan.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) er einn af mikilvægustu aðilunum við framkvæmd afreksstefnunnar. ÍSí er stuðningsaðili á pólitísku sviði, veitir fjármagn, kemur að menntunarmálum, gefur upplýsingar og fleira. Þetta er ein af forsendum þess að hægt sé að framfylgja afreksstefnunni og framtíðarsýn sambandsins. Náð og gott samstarf við ÍSí er því nauðsynlegt til að geta þróað íslenskt badminton frekar.

Atvinnulífið getur leikið lykilhlutverk varðandi þróun íþróttarinnar á Íslandi, þar sem fjármál og samstarfsaðilar eru mikilvægur þáttur í nútíma íþróttasamfélagi. Náð samstarf við mikilvæg fyrirtæki getur aukið möguleikana á að áætlanir afreksstefnunnar og framtíðarsýnarinnar geti orðið að veruleika.

Reglulegt endurmat markmiða

Afreksstefnan skal endurskoðuð á formannafundi annaðhvert ár. Stjórn BSÍ mun nota álit og ábendingar formannafundar ásamt greinargerð afreks- og landsliðsnefndar til hliðsjónar við endurmat. Afreksnefnd skal eiga samtál með afreksfólki til að fara yfir hvað

betur mætti fara, t.d. með fundum, rafrænum könnunum eða með öðrum hætti. Breytingar á afreksstefnunni, ef einhverjar eru, verða síðan kynntar á ársþingi BSÍ og uppfært skjal birt á heimasíðu BSÍ. Einnig mun það verða sent þeim sem fer með mál afrekssviðs ÍSÍ.

Fylgiskjöl

Heiðursmannasamkomulag fyrir Afrekshóp

Heiðursmannasamkomulag Badminton sambands Íslands (BSÍ) við leikmenn í Afrekshópi

1. **Fagleg þjálfun:** Leikmenn fá faglega þjálfun frá BSÍ og einstaklingsmiðaða endurgjöf á þróun og framfarir sínar frá landsliðsþjálfara.
2. **Forgangsöröðun:** Leikmenn skulu setja badmintonæfingar í forgang og mæta á allar boðaðar æfingar hjá BSÍ og stuðla að góðum matar- og svefnvenjum.
3. **Staðfesta:** Leikmenn skuldbinda sig til að mæta einbeitt og ásetning í að bæta sig í færni og getu.
4. **Fagmennska:** Leikmenn skulu haga sér að heillindum og háttvísi innan sem utan vallar og vera góð fyrirmynd.
5. **Líkamlegt hreysti:** Leikmenn skulu viðhalda líkamlegu hreysti, fara eftir útgefnum æfingaáætlunum ef við á, og taka þátt í styrktar- og þolæfingum sem þeir eru boðaðir á hjá sínu félagi.
6. **Þátttaka í mótum:** Leikmenn skulu keppa fyrir Íslands hönd á þeim mótum sem þeir eru boðaðir í af landsliðsþjálfara.
7. **Samskipti:** Leikmönnum ber að hafa hrein og bein samskipti við landsliðsþjálfara og íþróttastjóra um hverskyns vandamál sem gætu komið upp, er varða þjálfun, frammistöðu, meiðsli eða annað er tengist heilsu viðkomandi leikmanns.
8. **Reglur:** Leikmenn skulu virða reglur og hegðunarviðmið Íþróttá- og Ólympíuhreyfingarinnar, þ.m.t. sérsambands, og hlíta þeim í hvívetna.
9. **Útbreiðsla:** Leikmenn skulu aðstoða BSÍ í útbreiðslutengdum verkefnum þegar þeir verða boðaðir til þess.
10. **Virðing:** Leikmenn og þjálfarar skulu bera virðingu fyrir hver öðrum, aðstöðu, starfsfólki og búnaði sem notaður er í æfingum og í keppni á vegum BSÍ.